

Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands haldinn í Safnahúsinu þriðjudaginn 30. okt. 2012 kl:  
10

Mætt til fundar Sigurjón Bjarnason, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Kristjana Björnsdóttir og Unnur Birna Karlsdóttir safnstjóri.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2013

Sigurjón og Unnur Birna hafa unnið drög að fjárhagsáætlun sem stjórnin fór yfir og samþykkti síðan einróma. Gert er ráð fyrir að framlög eigenda safnsins verði 18 miljónir og tekjur alls 21.940 þúsund.

Áætluð rekstrargjöld kr. 21.859.250 þar af er launakostnaður um það bil 15 miljónir.

2. Önnur mál

Unnur Birna sagði frá vinnu sinni þessar fyrstu vikur í starfi safnstjóra. Rætt var um samning Minjasafnsins við Breiðdalssetur en sitthvað í samningnum þarfnast skoðunar.

Einnig var rædd fjárhagsstaða safnsins og vandamál vegna leka í Safnahúsinu. Eftirfarandi áskorun til eigenda Safnahússins var bókuð:

„Stjórn Minjasafns Austurlands telur mjög brýnt að bæta úr húsnæðismálum Minjasafnsins og beinir því til eigenda hússins að ráðist verði í áframhaldandi byggingu hússins og koma þannig í veg fyrir frekari skemmdir og húsnæðið uppfylli lögleg skilyrði varðandi aðgengi.“

Fundi slitið kl: 11.

Kristjana Björnsdóttir